

GJALDSKRÁ

fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

1. 660 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1, hámarkstími 3 klukkustundir.
2. 240 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
3. 240 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar, en 70 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
4. 240 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr.

Gjöld fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík.

Gjöld fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

Íbúakort 1:

1. 1.500 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
2. 3.000 krónur á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

Íbúakort 2:

1. 20.000 krónur á mánuði.

3. gr.

Gjald fyrir rekstraraðilakort.

Gjald fyrir rekstraraðilakort er eftirfarandi:

1. 20.000 krónur á mánuði.

4. gr.

Gjald fyrir deilibilakort.

Gjald fyrir deilibilakort er eftirfarandi:

1. 1.500 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.

5. gr. Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, var samþykkt á fundum borgarstjórnar 4. nóvember og 2. desember 2025 og tekur gildi 1. janúar 2026. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 970/2025.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 3. desember 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 17. desember 2025